

Höfundar:	GEG/IGB/GEP
Skjal:	Stefnuskjal
Útgáfa nr.:	2
Dags. útgáfu:	18.12.13
Eldri útgáfa:	15.10.13
Samþykkt:	

## 1.1 STE-Jafnlaunastefna 1912

Stefna




Jafnlaunastefna fyrirtækisins nær til 1912 ehf. og dótturfélaga og er órjúfanlegur hluti af launastefnu þess.


Lögð er áhersla á að hjá fyrirtækinu starfi ánægðir og árangursdrifnir starfsmenn með skýra ábyrgð og góða fagþekkingu. Með hliðsjón af því meginmarkmiði er stefna fyrirtækisins að gæta jafnréttis í hvívetna og greiða jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf án tillits til kynferðis, kynþáttar, aldurs, þjóðernis, trúar eða búsetu. Stjórnendur hafa þó svigrúm til umbunar eftir frammistöðu hvers starfsmanns í samræmi við jafnlaunakerfi fyrirtækisins. Í viðleitni til þess að uppfylla lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem fyrirtækið undirgengst um jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf skuldbindur fyrirtækið sig til:

- Að fylgja kröfum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi.
- Að jafnlaunastefna fyrirtækisins sé sýnileg og hún kynnt öllu starfsfólki.
- Að leitast sé við að hafa sama hlutfall stjórnenda og kynjahlutfallið er hjá fyrirtækinu.
- Að starfsfólk hafi möguleika á símenntun og þjálfun til að efla sig í sínu starfi.
- Að unnið sé að stöðugum umbótum á jafnlaunakerfinu m.a. með því að setja mælanleg markmið til úrbóta. með árlegum launagreiningum og rýni framkvæmdateymis.


Samþykkt á fundi framkvæmdateymis dags. 14.1 '14

  
Ari Fenger framkvæmdastjóri

  
Guðrún Elísa Þorkeldsdóttir skrifstofustjóri

  
Inga Guðrún Birgisdóttir mannauðsstjóri

  
Jón Ingi Einarsson sölustjóri Ekran Reykjavík


  
Sveinn Ingi Einarsson innkaupastjóri

  
Christina Gregers markaðsstjóri snyrtivörusviðs

  
Helgi Rúnar Bragason rekstrarstjóri Ekran Akureyri

  
Jóhann Sveinn Friðleifsson markaðsstjóri

  
Ólafur Tryggvason fjármálastjóri

  
Þorsteinn Gunnarsson sölustjóri Nathan & Olsen